

Gjaldskrár fasteignagjalda í Snæfellsbæ 2016

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Snæfellsbæ, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð. **Álagningarstofninn er fenginn frá Þjóðskrá Íslands 31. desember ár hvert auk þess sem fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í Fasteignaskrá.** Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Þjóðskrá Íslands. Byggingarfulltrúi sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar og gögn um nýbyggingar, viðbyggingar, eldri byggingar sem er breytt, hús sem eru rifin og aðrar viðeigandi upplýsingar. Eigendaskráning húsa og lóða er í höndum Sýslumannsins á Vesturlandi og er hún í samræmi við þinglýst skjöl/gögn. Allar þessar upplýsingar eru notaðar við álagningu fasteignagjalda, leiðréttingar, reikningagerð og innheimtu sem fer fram hjá Snæfellsbæ

Fasteignaskattur á húsnaði í A-flokki	0,44%	af fasteignamati
Fasteignaskattur á húsnaði í B-flokki	1,32%	af fasteignamati
Fasteignaskattur á húsnaði í C-flokki	1,55%	af fasteignamati
Lóðaleiga á húsnaði í A-flokki	1,80%	af lóðamati
Lóðaleiga á húsnaði í B- og C-flokki	2,50%	af lóðamati
Vatnsgjald á húsnaði í A-flokki	0,33%	af fasteignamati
Vatnsgjald á húsnaði í B- og C-flokki	0,45%	af fasteignamati
Holræsagjald á húsnaði í A-flokki	0,16%	af fasteignamati
Holræsagjald á húsnaði í B- og C-flokki	0,20%	af fasteignamati
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúðir	33.200	á tunnu
Sorphirðu- og gámagjald á sumarhús	12.900	á tunnu

Í A-flokki eru íbúðir, íbúðarhús, sumarhús, útihús og mannvirki á bújörðum tengd landbúnaði.
Í B-flokki eru opinberar byggingar. Í C-flokki eru allar aðrar byggingar.

Veittur er afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs og er hámarksafsláttur kr. 70.000.-

100% lækkun

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 2.800.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur allt að 4.000.000 krónur

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 2.800.001 - 3.300.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 4.000.001 - 4.400.000 krónur

50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 3.300.001 - 3.600.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 4.400.001 - 4.800.000 krónur

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 3.600.001 - 3.900.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 4.800.001 - 5.100.000 krónur

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2015 vegna skatttekna ársins 20014, þ.e. samtalán af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals(reitur 3.10.)

Gjalddagar fasteignagjalda eru 8: 1. febrúar og síðan 1. hvers mánaðar (mars – september)

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin eru greidd í heild sinni fyrir 15. mars 2016. Hægt er að ganga frá staðgreiðslu með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: 0190-26-4240, kt.: 510694-2449.